

FUNDARGERÐ

585. fundur sveitarstjórnar Mýrdalshrepps var haldinn fimmtudaginn 21. febrúar, 2019 kl. 16.00 á skrifstofu sveitarfélagsins, Austurvegi 17 í Vík.

Fundinn sátu undirritaðir aðal- og varamenn. Sveitarstjóri ritaði fundargerðina.

Oddviti sveitarstjórnar, Einar Freyr Elínarson, setti fundinn og stjórnaði honum.

Oddviti óskar að eftir að eftirtalin mál yrðu tekin á dagskrá fundarins:

- Fundargerð 21. fundar íþróttá- og tómstundanevndar frá 21. febrúar.
Verði liður I – 2 á dagskrá.
- Umboð til að framlengja yfirdráttarheimild.
Verði liður III – 6 á dagskrá.
- Persónuverndaryfirlýsing Mýrdalshrepps.
Verði liður III -7 á dagskrá.

Samþykkt var að taka ofangreind mál á dagskrá.

- Samþykkt samhljóða

Sveitarstjóri gerði grein fyrir verkefnum síðustu vikna.

Dagskrá fundarins:

I. Fundargerðir til staðfestingar.

1. Fundargerð frá 265. fundi skipulags- og byggingarnefndar, haldinn 14. og 18. febrúar 2019.

1. Sunnubraut 32 – Umsókn um byggingarleyfi.

Oddný Sæunn Teitsdóttir sækir um byggingarleyfi fyrir einbýlishús ásamt gestahúsi á Sunnubraut 32. Húsin eru stærri en skilmálar svæðisins segja til um, lagðir eru fram aðaluppdrættir til umræðu.

- Nefndin ákveður að fram skuli fara grenndarkynning á fyrirhugaðri byggingu.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.

- Samþykkt samhljóða

2. Mánabraut 28 – Umsókn um byggingarleyfi.

Gísli Rafn Gylfason f.h. True Adventure sækir um byggingarleyfi fyrir einbýlishús á Mánabraut 32. Óskilgreint geymsluloft.

Nefndin gerir athugasemd við flatarmál hússins. Skipulagsfulltrúa er falið að vinna málið áfram.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.

Handwritten signatures and initials:
PT
RW
Einar Freyr Elínarson
Sveitarstjóri

-Samþykkt samhljóða

3. **Ytri Sólheimar 3 – Umsókn um byggingarleyfi**

Benedikt Bragason sækir um byggingarleyfi fyrir véla- og tækjageymsla á Ytri Sólheimum 3.

Samþykkt samhljóða.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.

- Samþykkt samhljóða

4. **Götur – Tilkynning um byggingarleyfi**

Kynning á teikningum vegna byggingu á tveggja smáhýsi á Götum.
Guðrún Hildur vísar af fundi.

Samþykkt samhljóða.

Guðrún Hildur kemur aftur á fundinn.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.

- Samþykkt samhljóða

5. **Hátún 5-11 – Kynning á stöðu**

Afstöðu og ásýndarmyndir.
Óðinn vísar af fundi.

Nefndin tekur vel í tillöguna en tekur engar ákvarðanir fyrir en frekari upplýsingar liggja fyrir.

Óðinn kemur aftur á fundinn

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.

- Samþykkt samhljóða

6. **Austurvegur 16 – Tilkynning um uppfærslu aðaluppdráttar**

Elín Þóroldsdóttir f.h. Olíuverzlunar Íslands tilkynna breytingu á burðarvirki hússins úr steypu í krossviðseiningar.

Samþykkt samhljóða.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.

- Samþykkt samhljóða

7. **Dyrhólavegur – Stofnun vegsvæða**

Direkta lögfræðipjónusta f.h. Vegagerðarinnar sækir um leyfi fyrir stofnun tveggja vegsvæða undir Dyrhólaveg í samræmi við framlögð gögn.

Samþykkt samhljóða.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.

Handwritten notes and signatures in blue ink, including initials like "PT", "EWS", and "FMS".

- Samþykkt samhljóða

8. **Pórisholt 3 - Umsókn um stofnun lóðar**

Guðni Einarsson sækir um leyfi fyrir stofnun lóðar úr upprunalandi Pórisholts í samræmi við framlögð gögn. Viðkomandi lóð er stofnuð sem ný lóð og er ætluð fyrir gistiheimili.

Samþykkt samhljóða.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.

- Samþykkt samhljóða

9. **Pórisholt 4 - Umsókn um stofnun lóðar**

Guðni Einarsson sækir um leyfi fyrir stofnun lóðar úr upprunalandi Pórisholts í samræmi við framlögð gögn. Viðkomandi lóð er stofnuð sem ný lóð og er ætluð fyrir starfsmannahús.

Samþykkt samhljóða.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.

- Samþykkt samhljóða

10. **Smiðjuvegur 9 – Breyting á aðalskipulagi og deiliskipulagi**

Kolbrún Ósk Guðjónsdóttir f.h. Undanfari óskar eftir leiðréttingu aðal- og deiliskipulags vegna lóðarinnar að Smiðjuvegur 9 í samræmi við núverandi starfsemi og opinbera skráningu í fasteignskrá ríkisins.

Guðrún Hildur víkur af fundi.

Nefndin felur byggingarfulltrúa að hefja vinnu við breytingu á deiliskipulagi.

Guðrún Hildur kemur aftur á fundinn.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.

- Samþykkt samhljóða

Að lokinni afgreiðslu 10. liðs fundarins var fundi skipulags- og byggingarnefndar frestað þann 14. febrúar vegna F1 útkalls frá slökkviliði. Fundi var fram haldið 18. febrúar.

11. **Strandvegur – Breyting á aðalskipulagi og deiliskipulagi**

Jóhannes Kristjánsson óskar eftir breytingu notkun lóðarinnar sem er á milli Strandvegar og Austurvegar. Lóðin er skilgreint í dag sem grænt svæði (hljóðmön) og óskað er eftir því að veri breytt í byggingarlóð undir bílskúra.

Nefndin tekur vel í erindið og felur byggingarfulltrúa að hefja vinnu við breytingu á deiliskipulagi og nánari útfærslu.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.

- Samþykkt samhljóða

12. **Syngjandinn – Útivistar/útikennslusvæði**

Lögð eru fram bréf og teikningar um hugmynd fyrir útivistar/útikennslusvæði á

PH
EJK
FMS
PT

Syngjandanum.

Nefndin tekur vel í hugmyndina en kallar eftir loftmynd með afstöðumerkingum.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.

- Samþykkt samhljóða

13. Þéttbýlisupprætti - Breyting á aðalskipulagi

Kynning á uppfærðum aðalskipulagsbreytingum þar sem búið er að bregðast við athugasemdum Skipulagsstofnunar.

Samþykkt samhljóða.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.

- Samþykkt samhljóða

14. Steig – Umsókn um niðurrif.

Steinþór Vigfússon sækir um leyfi fyrir niðurrifi á gömlum bragga og þremur turnum í Steig.

Samþykkt samhljóða.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.

- Samþykkt samhljóða

15. Grafargil – Umsókn um byggingarleyfi.

Æsa Guðrúnardóttur og Þráinn Sigurðssyni f.h. Zipline Iceland, Giljagleði ehf, sækja um byggingarleyfi fyrir viðbótar línu.

Óðinn vísar af fundi.

Samþykkt samhljóða.

Óðinn kemur aftur á fundinn.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.

- Samþykkt samhljóða

16. Króktún 5 – Umsókn um byggingarleyfi.

Jakub Tomasz Kazmierczyk sækir um byggingarleyfi fyrir einbýlishúsi í Króktúni 5.

Erindið barst seint og nefndin telur sig þurfa lengri tíma. Ákvörðun er því frestað til næsta fundar.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.

- Samþykkt samhljóða

17. Deiliskipulag Suðurvíkurvegar – Mylluland.

Umræða um athugasemdir frá Skipulagsstofnun.

PH
EFT
Tmá

Samþykkt að fela byggingarfulltrúa að fara í vinnu við að uppfæra núverandi deiliskipulag.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.

- *Samþykkt samhljóða*

18. Sléttuvegur 2 og 2a.

Kynning á aðalupprætti.

Nefndin samþykkir að inkalla lóðina. Frestur til að skila inn umbeðnum gögnum var liðinn án þess að við því væri brugðist innan tilskilins frests.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndarinnar.

- *Samþykkt samhljóða*

2. Fundargerð 21. fundar íþrótt- og tómstundanefndar frá 20. febrúar 2019.

1. Stofnun ungmennaráðs.

Íþrótt- og tómstundanefnd leggur til við sveitarstjórn að hafist verði handa við stofnun ungmennaráðs í Mýrdalshreppi. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að fundinn verði aðili til að fylgja verkefninu eftir fyrir hönd sveitarfélagsins og finna ungmenni til setu í ráðinu. Verkefnið verði síðan endurskoðað eftir eitt ár.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndarinnar og felur fristundafulltrúa, í samráði við sveitarstjóra, að hefja vinnu við stofnun ungmennaráðs Mýrdalshrepps.

- *Samþykkt samhljóða*

2. Önnur mál

Íþrótt- og tómstundanefnd ítrekar bókun sína frá síðasta fundi varðandi umgengni og lagfæringar á íþróttamannvirki sveitarfélagsins. Fara þarf í verulegt átak varðandi verkferla og vinnubrögð í íþróttamiðstöðinni. Þrifum er verulega ábótavant.

Sveitarstjórn er með á framkvæmdaáætlun endurbætur og uppbyggingu Íþróttamiðstövarinnar. Gert er ráð fyrir að þær framkvæmdir hefjist í vor. Sveitarstjórn mun beita sér fyrir úrbótum í þrifum og umgengni í íþróttahúsinu.

- *Samþykkt samhljóða*

II. Innsend erindi til afgreiðslu.

1. Beiðni um umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi frá Kósý Vík, vegna Hátúns 6.

Lögð fram beiðni um umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi skv. lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 með síðari breytingum frá Kósý Vík, vegna Hátúns 6, fnr. 2018-8651.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við útgáfu leyfis.

- *Samþykkt samhljóða*

2. Beiðni um umsögn vegna umsóknar um tækifærisleyfi fyrir þorablót að Eyrarlandi.

Lögð fram beiðni um umsögn vegna umsóknar um tækifærisleyfi fyrir þorablót að Eyrarlandi

Handwritten notes and signatures in blue ink, including the initials "PT" and "EKK" with a signature below it.

þann 23.-24. febrúar frá Búnaðarfélagi Hvammshepps.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við útgáfu leyfisins.

- Samþykkt samhljóða

3. Beiðni um umsögn vegna umsóknar um rekstarleyfi frá Ara Frey Steinþórssyni vegna Sunnubrautar 24.

Lögð fram beiðni um umsögn vegna umsóknar um rekstarleyfi skv. lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 með síðari breytingum frá Ara Frey Steinþórssyni vegna Sunnubrautar 24, fnr. 236-5062.

Sveitarstjórn vísar til takmarkana er varðar útleigu á íbúðarhúsnæði til gistingar í þéttbýlinu í Vík sem bætt var við greinargerð með breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps með vísan í reglugerð nr. 585/2007:

„Útleiga íbúðarhúsnæðis til gistingar í flokki II samkvæmt skilgreiningu reglugerðarinnar er óheimil, þó verði þau leyfi sem veitt hafa verið vegna gistingar í flokki II í þéttbýlinu í Vík framlengd til ársins 2022, verði eftir því leitað. Heimagisting verði heimiluð, en verði að hámarki 10 gistirými í samræmi við skilgreiningu byggingarreglugerðar á flokkun húsnæðis m.t.t. brunavarna. Sýna verður fram á að næg bílastæði verði við húsið, það rækilega merkt og að starfsemin muni ekki hafa truflandi áhrif á íbúðabyggingu.“

Með nýrri reglugerð um veitinga og gististaði 1277/2016 er sú reglugerð sem ofangreind samþykkt sveitarstjórnar tekur mið af felld úr gildi. Í c- lið 4.gr. reglugerðar 1277/2016 eru minni gistiheimili skilgreind sem gististaður með færri 5 herbergjum eða rými fyrir 10 einstaklinga eða færri. Sveitarstjórn samþykkir með vísan til þeirrar greinar að framlengja þau leyfi sem áður voru veitt til til gistingar í flokki II til 2022.

Með vísan í framangreint gerir sveitarstjórn Mýrdalshrepps ekki athugasemd við veitingu rekstarleyfis vegna Sunnubrautar 24 til ársins 2022.

-Samþykkt samhljóða

4. Umsókn um lóðina Hátún 5 í Vík.

Lögð fram umsókn um lóðina Hátún 5 í Vík. Umsækjandi er Afl smíði og múr ehf.

Sveitarstjórn samþykkir umsóknina.

- Samþykkt samhljóða

5. Umsókn um lóðina Hátún 7 í Vík.

Lögð fram umsókn um lóðina Hátún 7 í Vík. Umsækjandi er Afl smíði og múr ehf.

Sveitarstjórn samþykkir umsóknina.

- Samþykkt samhljóða

III. Mállefni til umfjöllunar/ afgreiðslu

1. Breytingartillaga við samþykkt um stjórn og fundarsköp Mýrdalshrepps.

Lögð er fram breytingartillaga við samþykkt um stjórn og fundarsköp Mýrdalshrepps sem felur í sér að ekki er lengur fyrirfram ákveðið hvar fundir sveitarstjórnar séu haldnir heldur sé það tilgreint í fundarboði.

PT
RW
EFL
Jms

Sveitarstjórn samþykkir við aðra umræðu tillöguna og felur sveitarstjóra að senda hana til staðfestingar ráðherra.

- Samþykkt samhljóða

2. **Tillögur að breytingum til að hagræða húsnæði grunn-, tón- og leikskóla.**
Sveitarstjóri kynnti tillögur að breytingum á skipulagi húsnæðis grunn-, tón- og leikskóla.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna og felur sveitarstjóra að vinna breytingunum í samráði við stjórnendur skólanna.

- Samþykkt samhljóða

3. **Viðtalstími sveitarstjórnarmanna 18. febrúar 2019.**
Fram var lögð samantekt oddvita vegna viðtalstíma 18. febrúar sl.

Lagt fram til kynningar

4. **Breyting á nefndarsetu í stjórn Kötluseturs.**
Gerð er tillaga að því að Beata Rutkowska taki sæti Þorbjargar Gísladóttur sveitarstjóra í stjórn Kötluseturs.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.

- Samþykkt samhljóða

5. **Afsláttur af vistunargjaldi barna starfsmanna leikskólans Mánalands.**
Fram er lagt erindi frá Bergnýju Ösp Sigurðardóttur leikskólastjóra þar sem óskað er eftir upplýsingum um stöðu mála þegar kemur að því að setja reglur um afslætti af leikskólagjöldum til handa starfsmönnum leikskólans.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að útbúa reglur um afslætti af leikskólagjöldum til handa starfsmönnum leikskólans og leggja fyrir næsta reglulega fund sveitarstjórnar.

- Samþykkt samhljóða

6. **Umboð til að framlengja yfirdráttarheimild.**
Fram var lögð tillaga um að sveitarstjóra verði veitt umboð til að framlengja yfirdráttarheimild.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.

- Samþykkt samhljóða

7. **Persónuverndaryfirlýsing Mýrdalshrepps.**
Fram voru lögð drög að persónuverndaryfirlýsingu Mýrdalshrepps.

Sveitarstjórn samþykkir drögin og að þau skuli gerð aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins.

- Samþykkt samhljóða

IV. Fundargerðir til kynningar.


PT
P4
EKK
FMO

1. **Fundargerð 542. fundar stjórnar SASS haldinn 11. janúar 2019.**
Lagt fram til kynningar.
2. **Fundargerð 42. fundar stjórnar Kötlu jarðvangs haldinn 9. október 2018.**
Lagt fram til kynningar.
3. **Fundargerð 43. fundar stjórnar Kötlu jarðvangs haldinn 27. nóvember 2018.**
Lagt fram til kynningar.
4. **Fundargerð stjórnar Hulu bs. haldinn 7. febrúar 2019.**
Lagt fram til kynningar.
5. **Fundargerð stjórnar Skógasafns haldinn 12. nóvember 2018.**
Lagt fram til kynningar.
6. **Fundargerð 867. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga haldinn 25. janúar 2019.**
Lagt fram til kynningar.
7. **Fundargerð 63. fundar Félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu haldinn 17. janúar 2019.**
Lagt fram til kynningar.
8. **Fundargerð 64. fundar Félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu haldinn 14. febrúar 2019.**
Lagt fram til kynningar.


V. Kynningarefni.

1. **Fyrirspurn um notendaráð fatlaðs fólks.**
Lagt fram til kynningar.
2. **Sveitarfélögin og heimsmarkmiðin, bréf frá Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra.**
Lagt fram til kynningar.
3. **Áfangastaðaáætlun suðurlands.**
Lagt fram til kynningar.
4. **Auglýsing eftir framboðum í stjórn Lánsjóðs sveitarfélaga.**
Lagt fram til kynningar.
5. **Boðun á XXXIII. landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga.**
Lagt fram til kynningar.


Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18:03


Einar Freyr Elínarson, oddviti


Ingi Már Björnsson


Drífa Bjarnadóttir


Ragnheiður Högnadóttir


Páll Tómasson

PT
KJE
1